



Íslandsmótið í borðtennis 2017

Íslandsmótið í borðtennis 2017 fer fram í KR-heimilinu við Frostaskjól 4.-5. mars 2017. Mótið er í umsjón Borðtennisdeildar KR.

Leikið verður eftirtöldum flokkum, sbr. reglugerð Borðtennissambands Íslands um Íslandsmót:

- Einliðaleikur: Meistaraflokkur karla og kvenna, 1. flokkur karla og kvenna, 2. flokkur karla og kvenna.
- Tvíliðaleikur: Tvíliðaleikur karla, tvíliðaleikur kvenna.
- Tvenndarleikur.

Dagskrá

Laugardagur 4. mars

- 11.00 Tvenndarkeppni, leikið til úrslita
- 11.30 Einliðaleikur 2. flokkur karla, leikið fram að undanúrslitum
- 13.00 Tvíliðaleikur karla, leikið fram að undanúrslitum
- 13.00 Tvíliðaleikur kvenna, leikið fram að undanúrslitum
- 14.00 Einliðaleikur 2. flokkur kvenna, leikið fram að undanúrslitum
- 14.00 Einliðaleikur meistaraflokkur kvenna, leikið fram að undanúrslitum
- 14.30 Einliðaleikur meistaraflokkur karla, leikið fram að undanúrslitum
- 15.30 Einliðaleikur 1. flokkur kvenna, leikið fram að undanúrslitum
- 15.30 Einliðaleikur 1. flokkur karla, leikið fram að undanúrslitum

Sunnudagur 5. mars

- 11.30 Einliðaleikur 2. flokkur karla og kvenna, undanúrslit
- 12.00 Einliðaleikur 2. flokkur karla og kvenna, úrslit
- 12.30 Einliðaleikur 1. flokkur karla og kvenna, undanúrslit
- 13.00 Einliðaleikur 1. flokkur karla og kvenna, úrslit
- 13.30 Tvíliðaleikur karla og kvenna, undanúrslit
- 14.00 Tvíliðaleikur karla og kvenna, úrslit
- 14.40 Einliðaleikur meistaraflokkur karla og kvenna, undanúrslit
- 15.20 Einliðaleikur meistaraflokkur karla og kvenna, úrslit
- 16.00 Verðlaunaafhending í öllum flokkum

Fyrirkomulag keppni

Í meistaraflokki karla og kvenna verða leiknar 4-7 lotur. Í öllum öðrum flokkum verða leiknar 3-5 lotur. Leikinn er einfaldur útsláttur í öllum flokkum.

Við röðun í mótið verður farið eftir nýjasta styrkleikalista BTÍ frá 1. febrúar 2017.

Leikið verður á Stiga Expert borðum með hvítum þriggja stjörnu Stiga plastkúlum.

Mælst er til þess að leikmenn leiki í búningum síns félags.
Verðlaun verða veitt fyrir fjögur efstu sætin í öllum flokkum.

Þáttökugjöld og skráning

Þáttökugjald er 1.500 kr. í einliðaleik og 3.000 kr. fyrir parið í tvíliðaleik og tvenndarkeppni (1.500 kr. á mann).

Síðasti skráningardagur er þriðjudagurinn 28. febrúar kl. 20. Skráning fer fram á vef
Tournament Software

(<http://www.tournamentsoftware.com/sport/tournament.aspx?id=4B59C544-0CE6-401D-8895-00A03039CBFC>). Setja skal kennitölu sem „Member ID“. Ef ekki gengur að skrá sig á vef
Tournament Software má senda skráningu til mótsstjórnar áður en skráningarfrestur rennur
út. Á vef BTÍ (www.bordtennis.is) eru leiðbeiningar um stofnun reiknings og skráningu á
Tournament Software. Þeir, sem hafa þegar stofnað reikning til að skrá sig á mót geta notað
hann aftur.

Kennitölur skulu fylgja öllum skráningum í samræmi við keppnisreglur BTÍ.

Dregið verður í mótið á skrifstofu BTÍ í húsi ÍSÍ við Engjaveg miðvikudaginn 1. mars kl. 20:00.

Að loknum drætti verður hann birtur á vef Tournament Software. Ekki verður bætt við
skráningum eftir að dregið hefur verið í mótið nema að um sannanleg mistök mótsstjórnar sé
að ræða.

Samkvæmt ákvörðun stjórnar BTÍ er þátttaka á Íslandsmótum aðeins heimil íslenskum
ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum sem hafa verið búsettir og átt lögheimili á
Íslandi í þrjú ár þegar mót fer fram.

Mótstjórn

Ásta M. Urbancic, gsm. 895 96 93, astaurb@gmail.com

Kristján Viðar Haraldsson, gsm. 820 0007, viddi@greifarnir.is

Magnús Stefánsson, magnus.stefansson@gmail.com

Yfirdómarar verða Finnur Hrafn Jónsson og Hannes Guðrúnarson, og munu þeir skipta
yfirdómarahlutverkinu á milli sín.

Fyrir hönd Borðtennisdeildar KR

Ásta M. Urbancic